



Sauðárkróki, 10. janúar 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034, 435. mál.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar lýsir yfir miklum vonbrigðum með tillögu að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaráætlun 2020-2024 og að nær ekkert tillit hafi verið tekið til fyrri umsagnar ráðsins við málið þegar það var kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda. Í áætlununum er aðeins gert ráð fyrir tæpum 400 m.kr til samgönguframkvæmda í Sveitarfélaginu Skagafirði, af um 637 milljörðum króna sem alls er úthlutað til samgöngumála á tímabilinu.

Sérstök vonbrigði eru að ekki er tekið tillit til umsagnar byggðarráðs við grænbók um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi. Gerð er alvarleg athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir Sauðárkróksflugvelli sem hluta af flugvöllum í innanlandskerfinu. Um áratugaskeið hefur verið reglubundið áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Sauðárkróks og eru væntingar til þess að það hefjist að nýju við innleiðingu „skoskrar leiðar“ í stuðningi við notkun íbúa á landsbyggðinni á innanlandsflugi sem einn þátt nauðsynlegra almenningssamgangna. Ólíðandi er með öllu að Norðurland vestra sé eini landshlutinn utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar sem ekki nýtur flugsamganga við þessa miðstöð stjórnsýslu og þjónustu í landinu. Reglulegt áætlunarflug á milli höfuðborgarinnar Reykjavíkur og Sauðárkróks skiptir mjög miklu máli varðandi samkeppnisstöðu, þjónustu og mannlíf á Norðurlandi vestra. Þá skiptir reglulegt áætlunarflug mjög miklu máli í þjónustu við vaxandi fjölda ferðamanna sem sækja svæðið heim. Nauðsynlegt er að gera breytingar á samgönguáætlun sem gera ráð fyrir Sauðárkróksflugvelli sem hluta af flugvöllum í innanlandskerfi.

Þess má jafnframt geta að slitlag á flugbrautinni er farið að láta verulega á sjá, ráðast þarf í endurbætur á lendingarljósum, auk fleiri brýnna aðgerða til að tryggja að völlum geti að lágmarki haldið áfram að sinna hlutverki sínu við að tryggja sjúkraflyg til og frá Skagafirði. Nauðsynlegt er að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis tryggi fjármagn til þessara brýna aðgerða svo mannlíf verði ekki í húfi vegna þess að viðhald vallarins hefur verið látið drabbast niður á undanförunum árum.

Þá er ólíðandi með öllu að ekki séu markaðar fjárveitingar til neinna vegafarmkvæmda í Skagafirði í samgönguáætlun. Enn fremur að ekki sé gert ráð fyrir neinum fjármunum til undirbúnings og framkvæmda við jarðgöng á Mið-Norðurlandi. Brýn þörf er fyrir jarðgöngum á milli Fljóta og Siglufjarðar sem leysa myndu af hólmi hættulegan veg um Almenna, veg sem hvenær sem er getur sigið og hrúnið í sjó fram. Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar og bæjarstjórn Akureyrar sendu jafnframt á síðasta ári frá sér áskorun til stjórnvalda um að fjármagna grunnrannsóknir og samanburð á kostum á legu mögulegra jarðganga undir Tröllaskaga, auk rannsókna á samfélags- og efnahagslegum áhrifum slíkra ganga. Fagnað er að bæði jarðgöng eru nefnd sem mögulegir jarðgangakostir til lengri tíma en nauðsynlegt er að tryggja án tafar fjármagn til undirbúnings og rannsókna vegna þeirra.



Athygli vekur enn fremur hve rýrar fjárveitingar eru til reiðvega í samgönguáætlun en bæta þarf verulega í þann lið. Þá vekur furðu að ekki sé gert ráð fyrir fé til hjólréiðastíga í Skagafirði, einu fjölmennasta sveitarfélagi landsbyggðarinnar þar sem er að finna 4. stærsta þéttbýliskjarnann á landsbyggðinni, utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar á Hvítár/Hvítárvæðinu.

Þakka ber fyrir það fé sem veitt er til framkvæmda í höfnum Skagafjarðar. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til Vegagerðar og samgönguráðuneytis er þó ekki að finna fjárveitingar til kaups á nauðsynlegum dráttarbát í Sauðárkrókshöfn né til framkvæmda við nýjan hafnargarð á Sauðárkróki. Nauðsynlegt er að endurskoða samgönguáætlun og veita fé til beggja verkefna á fimm ára samgönguáætlun. Nærtækt er að vísa í þessu til hættuástands sem skapaðist vegna skorts á hvoru tveggja í óveðrinu í desember sl., auk óhappa sem orðið hafa vegna þess að aðstæður í Sauðárkrókshöfn eru ekki lengur fullnægjandi miðað við þá gríðarlegu skipaumferð og flutninga sem um höfnina fara.

Virðingarfyllt,

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar